

4. gr.

Forstöðurmaður hússins skal vera fastur starfsmaður. Hann skal hafa daglegt eftirlit með húsinu og rekstri þess. Hann skal halda dagbók um notkun hússins og mæta á fundum íþróttaráðs. Störf sín vinnur hann samkvæmt erindisbréfi og fyrirmælum íþróttaráðs.

5. gr.

Starfræksla íþróttahússins er á ábyrgð bæjarstjórnar Akraness, en er falin íþróttaráði Akraness, sem starfar samkvæmt reglugerð.

6. gr.

Starfssvið íþróttaráðs varðandi íþróttahúsið skal vera:

- a) að setja reglur um umgengi í húsinu;
- b) að skipuleggja afnot af húsinu. Forgangsrétt til afnota hafa skólar bæjarins, almenna kennsludaga frá kl. 08:00 — 18:00, því næst viðurkennd íþróttafélög innan kaupstaðarins og þá aðrir aðilar. Þegar ganga skal frá niðurröðun á afnotum hússins í byrjun vetrar, skulu skólastjórar við skóla bæjarfélagsins boðaðir á fund íþróttaráðs;
- c) að gera tillögur til bæjarráðs um afnotagjöld;
- d) að gera tillögur til bæjarráðs um ráðningu starfsfólks og setja því starfsreglur;
- e) að gera árlega fjárhagsáætlun um rekstur hússins, viðhald þess, endurbætur, kaup áhalda og tækja og viðhald þeirra. Fjárhagsáætlun skal skila það snemma, að hún liggi fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs;
- f) að fylgjast vandlega með kostnaði við rekstur íþróttahússins og gæta þess, að rekstri sé hagað í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun. Íþróttaráð og forstöðumaður skulu gæta þess við skipulagningu, að nýting hússins verði sem best og samfelldust.

7. gr.

Fjárreiður og reikningshald íþróttahússins, hvort sem er vegna framkvæmda eða rekstrar, fer fram á skrifstofu Akraneskaupstaðar. Reikningar verða því aðeins greiddir, að fulltrúi íþróttaráðs hafi samþykkt og vistað þá.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness, 12. apríl 1983, er sett samkv. 10. gr. íþróttalaga nr. 49, 7. apríl 1956. Með þessari samþykkt fellur úr gildi reglugerð fyrir Íþróttahúsið á Akranesi nr. 300 frá 22. júlí 1976.

Menntamálaráðuneytið, 3. maí 1983.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi.

I. **Hljóðvarp** (Miðað er við krónur fyrir hvert orð)

Kr.

Flokkur 1.

Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur, góðgerðarstarfsemi, tapað —
fundið 25,00

Flokkur 2.

Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 09.30 og kl. 16.00 40,00

Flokkur 3.

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir 50,00

Flokkur 4.

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir 100,00

II. Sjónvarp

(Miðað er við krónur fyrir sekúndur).

7 sek.	3 380,00
10 sek.	5 240,00
15 sek.	6 570,00
20 sek.	8 130,00
25 sek.	9 170,00
30 sek.	10 220,00
35 sek.	11 920,00
40 sek.	13 000,00
45 sek.	13 940,00
50 sek.	15 470,00
55 sek.	17 030,00
60 sek.	18 590,00

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. júní 1983 og þar til öðruvísi kann að vera ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 5. maí 1983.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Hinn 5. maí s. l. staðfesti skipulagsstjórn ríkisins þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að í stað útivistarsvæðis norðan Sogavegar verði ákveðin spilda gegnt Breiðagerði og Akurgerði ætluð undir miðbæjarstarfsemi.

Félagsmálaráðuneytið, 11. maí 1983.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.